

Bæjarstjórn - 1923

FUNDARBOÐ

**1923. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 20.
desember 2023 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2205659 - Ráð og nefndir 2022 - 2026, kosningar

Breytingar í ráðum:

Framsókn, breyting á varamanni í fræðsluráði:

Margrét Vala Marteinsdóttir, kt. 020386-2669, Selvogsgötu 22, tekur sæti sem varamaður í fræðsluráði í stað Jóhönnu M. Fleckenstein.

Viðreisn, breyting á varaáheyrnarfulltrúa í umhverfis- og framkvæmdaráði:
Pétur G. Markan 1602815459 - Austurgata 32, tekur sæti Mána Þórs
Magnasonar sem varaáheyrnarfulltrúi í umhverfis og framkvæmdaráði fyrir
hönd Viðreisnar

2. 2311708 - Drangahraun Skútahraun breyting á deiliskipulagi

1.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 5.desember sl.
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis við Drangahraun
og Skútahraun. Tillagan gerir ráð fyrir að fallið sé frá heimild um að bílastæði
fyrir lóðirnar á Drangahrauni séu á Skúthraunslóðum. Kvöð um akstur og
aðkomu að kjallara Drangahrauns 3 og 5 er á lóðunum Skútahraun 2 og 2a.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögunu og vísar til
staðfestingar í bæjarstjórn.

3. 2312219 - Ásland 4, skilmálabreyting

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 14.desember sl.

Lögð fram tillaga að skilmálabreytingu.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að skilmálabreytingin verði auglýst og
vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

4. 2310709 - Lántaka 2023

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 14. desember sl.
Lagt fram minnisblað. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs mætir til fundarins.

Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn samþykki eftirfarandi bókun.

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 1.000.000.000,- en í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2023 er heimild til lántöku allt að kr. 3.500.000.000,-. Lántakan samanstendur af kr. 480.000.000,- láni í skuldabréfaflokknum LSS 55 og kr. 520.000.000,- láni í skuldabréfaflokknum LSS 39 og hefur sveitarstjórn kynnt sér skilmála að lánssamningi sem liggur fyrir á fundinum. Skuldabréfaflokkurinn LSS 55 er verðtryggður skuldabréfaflokkur með fasta 2,50% vexti en er lánaður á ávöxtunarkröfunni 3,85%. Skuldabréfaflokkurinn er með jöfnum afborgunum tvisvar á ári og getur verið allt til 33 ára en er með uppgreiðsluheimild í nóvember 2035 og 2045. Skuldabréfaflokkurinn LSS 39 er verðtryggður skuldabréfaflokkur með fasta 4,05% vexti, jöfnum afborgunum tvisvar á ári og er til 13 ára. Ekki er hægt að greiða þennan skuldabréfaflokk upp fyrir lokagjalddaga. Bæjarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum við íþróttamannvirki sveitarfélagsins sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Rósu Guðbjartsdóttur, bæjarstjóra Hafnarfjarðar, kt. 291165-3899, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hafnarfjarðar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Vísað til bæjarstjórnar.

5. 1512005 - Úthlutun lóða, almennar reglur, endurskoðun

4. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 14. desember sl.
Tillaga að breytingum lögð fram.

Bæjarráð samþykkir framlagðar breytingar og vísar í bæjarstjórn til staðfestingar.

6. 2311154 - Straumhella 22, umsókn um lóð

5. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 14. desember sl.
Lögð fram umsókn GH17 ehf. um atvinnuhúsaloðina nr. 22 við Straumhelli.

Samþykkt og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

7. 2311153 - Straumhella 24, umsókn um lóð

6. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 14. desember sl.

Lögð fram umsókn GH17 ehf. um atvinnuhúsalóðina nr. 24 við Straumhelli.

Samþykkt og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

8. 2211790 - Virkiás 27, umsókn um lóð, úthlutun, skil

7.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 14.desember sl.

Lagður fram tölvupóstur frá lóðarhafa að Virkiás 27 þar sem óskað er eftir að afsala sér lóðarúthlutun á lóðinni nr. 27 við Virkiás.

Samþykkt og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

9. 2308034 - Hryggjarás 26, umsókn um lóð, úthlutun, skil

8.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 14.desember sl.

Lagður fram tölvupóstur frá lóðarhafa að Hryggjarás 26 þar sem fram kemur að lóðarhafi óski eftir að afsala sér lóðarúthlutun á lóðinni nr. 26 við Hryggjarás.

Samþykkt og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

10. 2312397 - Samkomulag um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk

„Lögð fram svohljóðandi tillaga um hækkun á útsvarsprósentu vegna breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk:

Með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í samkomulagi á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15. desember 2023, er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 15. desember 2023, samþykkir bæjarstjórn Hafnarfjarðar að álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2024 hækki um 0,23% og verði 14,93%.“

11. 1809298 - Tækniskólinn, nýbygging, erindi

Til umræðu

12. 2302625 - Næturstæto

Til umræðu

13. 0703337 - Fráveitukerfi, tenging við Garðabæ

Til umræðu

Fundargerðir

14. 2301126 - Fundargerðir 2023, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð fjölskylduráðs frá 12.desember sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 14.desember sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 29.nóvember sl.

b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 6.deesember sl.

c. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24. nóvember og

- 5. desember sl.
- d. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 1., 8., 15. og 24. nóvember sl.
- e. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 26. september og 3. október sl.
- f. Fundargerð stjórnar SSH frá 4. desember sl.
- Fundargerð fræðsluráðs frá 13. desember sl.
- a. Fundargerð íþróttá- og tímstundanevndar frá 6. desember sl.
- Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 13. desember sl.
- a. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 1., 8., 15. og 24. nóvember sl.
- b. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 26. september og 3. október sl.
- Fundargerðir skipulags- og byggingaráðs frá 5. og 14. desember sl.
- Fundargerð forsetanefndar frá 18. desember sl.

18.12.2023

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri